

## Skólaráðsfundur

<b>FUNDARGERÐ</b>	Tílefni fundar		
	Opinn fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
17. apríl 2013	(18:30 – 20:30)	Salur í Hjalla	7
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Guðm.	Skafti Halldórsson	1

Boðaðir voru:
Foreldrar nemenda í Álfhólsskóla
Mættir voru:
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Innlegg frá skólastjóra</li> <li>2. Starf foreldrafélagsins</li> <li>3. Innra mat skólastarfs</li> <li>4. Hlutverk og verkefni skólaráðs</li> <li>5. Skólastefna Kópavogs</li> </ol>

Málefni	Niðurstaða
1. Innlegg frá skólastjóra	<p>Sigrún skólastjóri agði frá stefnumótunardegi þar sem ný stefna var mótuð fyrir Álfhólsskóla. Eftir þá vinnu voru sett fram ný markmið, stefna og framtíðarsýn skólans. Gildin eru menntun – sjálfstæði – ánægja. Sett var fram starfsáætlun. Farið var yfir skólastarfið í vetur sem hefur gengið vel. Þróunarstarf unnið í eineltismálum, nemendalýðræði, lestri, stærðfræði. Efst á baugi í skólastarfinu núna er innleiðing nýrrar aðalnámskrár. Á þessu skólaári hefur verið námskeið um námsmat, kynning og samræður um nýjar áherslur. Jón Baldvin frá Giljaskóla hélt erindi, kennarar fóru í skólaheimsóknir. Hópastarf kennara um almenna hlutann. Hugmyndir unnar að nýjum leiðum. Sigrún fór svo yfir það sem gert verður á næsta skólaári.</p> <p>Álfhólsskóli Íslandsmeistari barnaskólasveita í skák.</p> <p>Fyrirspurn kom úr sal um gengi skólans á samræmdum prófum. Þar kom skólinn mjög vel út, sérstaklega í 4. og 7. bekk. Lýst var ánægju með vinnu að leiðum að nýju námsmati og vinnu í samvinnu við Mentor um lestur.</p>
2. Starf foreldrafélagsins	<p>Anna María Bjarnadóttir formaður foreldrafélagsins kynnti starf félagsins og fulltrúa úr stjórn. Félagið fundar a.m.t 1x í mánuði. Allar fundargerðir eru á heimasíðu skólans. Foreldrafélagið stendur m.a. fyrir kynningu fyrir foreldra 6 ára barna að hausti eru með fulltrúaráðsfundi haust/vor, gefa út fréttabréfið Álfhóll, eru með öryggisnefnd og alls kyns viðburðanefndir. Standa fyrir vorhátíð, halda reglulega samráðsfundi með skólastjóra og eru með fundi fyrir foreldra barna í 5. og 8. bekk. Kaupa nammi fyrir börnin á öskudag, veita nemendum styrk í ferðir og styrktu einnig skáksveit skólans og ýmislegt fleira. Anna María hvatti fólk til að kynna sér heimasvæðið og minnti á aðalfund félagsins þriðjudaginn 7. maí.</p>
3. Innra mat skólastarfs	<p>Sigrún Erla fór yfir mat á skólastarfi. Hún fór yfir matsþætti á skólastarfsins 2011-2012 og fór í matsskýrslu sem er á heimasíðu skólans. Nemendur, foreldrar og kennarar upplifa skólastarfið á ólíkan hátt. Nauðsynlegt að rýna aðeins betur í það. Einnig í óskir nemenda og þarfir varðandi nám og kennslu. Starfsfólki líður almennt vel í vinnunni, meiri ánægja en árið áður. Nám og kennsla hefur skilað góðum árangri í samræmdum prófum og í læsisverkefni. Nauðsynlegt að nota þessar niðurstöður og halda áfram markvissri vinnu og forvörnum í eineltismálum. Slembiúrtak var tekið í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í febrúar og var um 80% þátttaka. Þar kom fram að viðbrögð við einelti þykja yfirleitt skjót og árangursrík. Huga að nánara samstarfi og betra upplýsingastreymi milli kennara. Foreldrum finnst álag heimanáms ójafnt. Almennt virðast foreldrar vilja hafa meiri áhrif á skólastarf.</p>

# Álfhólsskóli

	<p>Einnig vilja þeir auka frumkvæði kennara til foreldrasamstarfs og vilja að foreldravíðtöl séu skilvirkari. Mjög mikil ánægja með sérkennslu, sálfræðipjónustu og stuðning við nemendur. Námsmat þykir fjölbreytt og nemendum líður almennt vel. Höfum núna samanburð við landið sem er mjög áhugavert. Aðgerðaráætlun Álfhólsskóla 2012-2013 er á heimasíðu skólans.</p>
4. Hlutverk og verkefni skólaráðs	<p>Ragnheiður og Selma sem eru fulltrúar foreldra í skólaráði fóru yfir helstu hlutverk og verkefni skólaráðs. Til er reglugerð um skólaráð sem var nýjung með grunnskólalögnum frá 2008 og fóru þær yfir hana. Níu manns sitja í ráðinu til tveggja ára í senn og fóru þær yfir nefndarmenn sem eru skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, nemenda og foreldra. Einn fulltrúi starfsfólks og einn frá grenndarsamfélaginu. Fundað er a.m.t 1x í mánuði og er þessi fundur sá sjöundi á árinu. Fóru þær í grófum dráttum yfir það sem gert hefur verið í vetur s.s starfáætlun skólans, matarmál, aðgerðaráætlun um einelti, dægradvöl, stefnumótunardaginn og fleira. Allar fundargerðir ráðsins og nánari upplýsingar um það eru á heimsíðu skólans.</p>
5 . Skólastefna Kópavogs	<p>Bragi Þór Thoroddsen formaður skólanefndar fór yfir starf nefndarinnar. Þar eru málsvarar sem passa upp á að skólahald sé í lagi. Menntasvið leggur megináherslu og gefur leiðbeiningar. Miklar lagabreytingar hafa orðið og eru flestar til batnaðar og las Bragi upp úr 5. og 6. grein grunnskólalaga og vitnaði í þær. Þau mál sem eru aðalefni funda yfirleitt eru m.a. eineltismál sem gríðarlega mikil áhersla er á, matarmál og innleiðingu aðalnámskrár. Hann sagði áhugavert og lærdómsríkt að hlusta á framsögu skólastjóra. Nauðsynlegt að forðast stöðnun þar sem breytingar væru mjög örvar. Stefnt er að framlagningu á nýrri skólastefnu sem er trúverðug uppleggið er ábyrgð – virðing – velferð, nauðsynlegt að vera með plagg sem hægt er að nota. Skólastefnan á að styðja þær leiðir sem skólar velja sér til að skapa sér sérstöðu og að sérstaða hvers skóla verði sýnileg. Bragi fór yfir framtíðarsýn - 2017 þar sem stefnt er að því að tryggja að nám við allra hæfi verði raunverulegt. Fór yfir sérstöðu Álfhólsskóla sem er með öflugra einhverfu- og nýbúadeild, skóli þar sem fjölbreytni og samstarf hefur vægi. Hann vill að skákin fái aukið vægi inn í skólastarfið.</p> <p>Fundi slitið kl 20:30.</p>